

**Sþ.**

## **541. Tillaga**

til þingsályktunar um þjóðaratkvæði um aðflutningsbann á áfengum drykkjum.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Bergur Jónsson, Guðbrandur Ísberg.  
Jóhann Jósefsson, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram þjóðaratkvæði á þessu ári um það, hvort afnema skuli bann það gegn innflutningi áfengra drykkja, er felst í gildandi áfengislöggjöf.

### **Greinargerð.**

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu, sem allir eiga sæti í allsherjarnefnd Nd., höfðu fengið til meðferðar frv. það um breyting á áfengislöggjöfinni, sem flutt var af 11 þm. í Nd.

Allir nefndarmenn voru að vísu sammála um það, að núverandi ástand í áfengismálunum væri óviðunandi, en hinsvegar hefir ekki náðst samkomulag um annað en það að leggja þetta mál undir atkvæði þjóðarinnar að nýju, og láta það þjóðaratkvæði skera úr um það, hvort sú breyting skuli á gerð, að eftirleiðis skuli leyfður innflutningur þeirra áfengra drykkja, sem nú eru með lögum bannaðir.

Ætlast flm. til, að atkvæðagreiðsla þessi fari fram nú á þessu ári.

Fari svo, að þjóðin vilji afnema bann það, er nú gildir, ætlast flm. til, að ríkisstjórnin láti semja og leggi fyrir næsta þing löggjöf um innflutning áfengra drykkja og um sölu þeirra, sem flm. gera ráð fyrir, að fari fram undir eftirliti ríkisins og með þeim takmörkunum, sem réttar þykja, að beztu manna yfirsýn, til að koma í veg fyrir óhóflega áfengisnautn.

Samkvæmt þeim forsendum, sem hér greinir, hefir orðið að samkomulagi að afgreiða ekki frá allsherjarnefnd frv. það til áfengislaga, sem áður var á minnst, en flytja í þess stað þessa till. í sameinuðu þingi.

Þeir þrir af flutningsm. þessarar till., sem einnig voru flutningsmenn áfengislagafrumvarpsins, hafa eftir atvikum fallizt á þessa afgreiðslu málsins.